

Þessar leiðbeiningar eru ætlaðar eftirlitsfólki (eftirlitsdýralækni) sem hefur daglegt eftirlit með verkun hvals í hvalstöð. Þær eru nánari útlitun á því hvernig fylla skal út í eftirlitsskýrslu í eftirlitskerfi Matvælastofnunar sem byggir á gátlista GAT-055 (langreyður) og fylgja verkferlinum sem lýst er í vinnulýsingu VLY-103. Eftirlitið byggist á reglugerð nr. 489/2009 um vinnslu og heilbrigðiseftirlit með hvalaafurðum, reglugerð nr. 163/1973 um hvalveiðar, lögum nr. 55/2013 um velferð dýra og reglugerð (ESB) 2017/625 um opinbert eftirlit. Eftirlit með bátum sem sinna hrefnuveiðum og verkun þeirra á hafi úti fer skv. GAT-089 og GAT-090.

Áður en eftirlit hefst skal kynna sér hvort tilkynning um komu hvals hafi borist með a.m.k. 12 klst. fyrirvara, og skoða þrif á byggingum og búnaði áður en verkun hefst. Allt eftirlit er skráð í eftirlitskerfi stofnunarinnar. Gera þarf eina skýrslu fyrir hvern hval.

Frávikaflokkun: 0 = í lagi • F = frávik • AF = alvarlegt frávik

Grunnupplýsingar

Staðsetning eftirlits: Heiti hvalstöðvar / verkunarstöðvar þar sem eftirlit fer fram. Reikningur fyrir eftirlitstíma fer á skráða starfsstöð.

1 Dýrategund

Hvalur raðnr.: Raðnúmer hvalsins í verkun þennan dag.


Hvalur nr. frá skipi: Númer hvals eins og það er skráð um borð í veiðiskipi, til að tryggja rekjanleika milli sjós og lands.

Tegund: Hakið við Langreyður, Hrefna eða Annað (tilgreinið tegund). Gætið samræmis við veiðiskýrslu.

2 Sérstakar upplýsingar

Lengd: Mæld lengd dýrs í metrum ef hún liggur fyrir.

Holdafar: Metið holdafar dýrsins (gott / í meðallagi / magurt) sbr. holdafarsmat á hrygg dýrsins. Sjá viðmiðunarmynd hér að neðan.



Holdafarsmat: gott (convex prófill) – í meðallagi (flatur prófill) – magurt (concav prófill).

Kjöðhitastig: Mælt kjarnhitastig kjöts (°C) við upphaf verkunar þar sem það á við.

Kyn: Hakið við Karlkyn, Kvenkyn eða Mjólkandi kýr eftir því sem sést við verkun. Mjólkandi kýr skal sérstaklega skráð.

Grunur um ólöglega tegund: Hakið við ef vafi leikur á tegund eða grunur um að dýr sé af friðaðri/óheimilli tegund. Skráið skýringu undir „Annað“.

Slösuð eða veik dýr: Hakið við ef merki eru um sjúkdóm, eldri áverka eða ástand sem hefur áhrif á mat á afurðum.

Koma hvals tilkynnt með minnst 12 klst. fyrirvara: Hakið við ef tilkynningarskylda rekstraraðila var uppfyllt. Sé svo ekki er það frávik og skal skráð.

Annað: Aðrar athugasemdir um dýrið.

3 Aflifun

3.1 Tímasetningar

Tími aflifunar: Tímasetning þegar dýr var aflífað (úr veiðiskýrslu / gögnum skips).

Tími löndunar: Tímasetning þegar dýri er landað í verkunarstöð.

Tími þegar verkun hefst: Tímasetning þegar verkun (skurður) hefst. Þessar tímasetningar nýtast til að meta tímann frá veiði að verkun (sjá 3.2).

3.2 Meðferð og tímamörk

Veiðiskýrsla staðfest: Hakið við þegar veiðiskýrsla fyrir viðkomandi hval hefur verið yfirfarin og staðfest.

Skip / Meðferð í í togi / Sjókæling: Hakið við þá meðferð sem dýrið fékk frá veiði að löndun (geymsla um borð, dráttur í togi, sjókæling).

Aflifun-verkun ≥ 24 klst.: Hakið við ef meira en 24 klst. liðu frá aflifun að verkun. Slíkt hefur áhrif á mat á hæfi afurða til manneldis og telst frávik sem krefst nánari skoðunar.

Annað: Athugasemdir um meðferð eða tímamörk.

3.3 Fjöldi og staðsetning skutla

Tilgreinið fjölda skutla í dýri og merkið inn staðsetningu þeirra á skýringarmyndina í eftirlitakerfi. Hægt er að bæta skutlum við í kerfi eftir þörfum og mælst er til þess að skrifa skýringartexta við hvern þeirra líkt og kerfið býður upp á. Hengja skal ljósmyndir við skráningu í kerfi þannig að þær fylgi eftirlitsskýrslu. Þessar upplýsingar tengjast velferðarmati og eru bornar saman við skráningu um borð (GAT-069).

4 Skoðun eftir slátrun (Hvalir - PM)

Að lokinni slátrun þarf að merkja við hvort og þá hver eftirtalinna atriði voru yfirfarin í eftirliti.

4.1 Skrokkur og skotstaðir

Skrokkur skoðaður strax á skurðarfleti: Staðfestið að skrokkur sé skoðaður um leið og verkun hefst.

Skotstaðir skoðaðir: Skoðið skotstaði (púður, rífið kjöt, saurmengun) og metið áhrif á hæfi afurða.

4.2 Hver skoðar og ráðstöfun kjöts

Hluti af kjöti óhæft til manneldis – hent (magn): Skráið magn kjöts sem dæmt er óhæft og hent.

Allt dýrið óhæft til manneldis – hent: Hakið við ef allt dýrið er dæmt óhæft og fargað.

4.3 Líffæraskoðun

Hakið við þau atriði sem eiga við. Atriði til skoðunar eru m.a.: hjarta skaddað; lunga sködduð; lifur sködduð; hjarta, lungu eða lifur án athugasemda; miklar blæðingar í brjóstholi eða kviðarholi; nýru sködduð; ósæð rofin; mæna sködduð; höfuð með áverka; líffæraskaði miðlægur eða hliðlægur; dýpt skutulsáhrifa. Skráið frekari skýringar undir „Annað“.

5 Hollustuhættir, hitastig o.fl. (Hvalir)

Skráið frávik eða alvarleg frávik þar sem við á.

- Þrif á frystiskápum.
- Þrif á löndunarstað fyrir verkun.
- Þrif á skurðarfleti fyrir verkun.
- Þrif í kjötsal fyrir verkun.
- Sótthreinsun á áhöldum.
- Skoðað hitastigseftirlit í hnífaboxum ≥ 82 °C á verkunarstað.
- Skoðað geislun vatns á verkunarstað _____ %.
- Skoða niðurstöður sjósýna frá síðustu verkun.
- Eftirlit með hreinlæti við slátrun og verkun.
- Persónulegt hreinlæti starfsfólks.

- Kjöt í körum ísað án tafar.
- Merkingar afurða í samræmi við 2. gr. rgl. 163/1973 og 13. gr. rgl. 489/2009.
- Meðferð á ABP
- Sýnataka hvalsstöðvar

6 Athugasemdir dagsins og tímaskráning

Tímaskráning: Skrá skal rauntíma eftirlits í frágangsglugga samkvæmt reglum stofnunarinnar.

Annað: Frjáls texti um aðstæður, skýringar á frávikum eða annað sem máli skiptir.

Undirskrift skoðunarmanns: Við staðfestingu verður skoðunarskýrsla merkt þeim eftirlitsmanni sem skráður er í kerfið og skilar skýrslunni.

Frágangur gagna og eftirfylgni

- Niðurstöður eru skráðar á gátlista GAT-055. Niðurstöður eru kynntar rekstraraðila.
- Skrá skal sérstaklega ef hvalkjöt og/eða líffæri eru dæmd óhæf til manneldis, ásamt magni og ráðstöfun.
- Skýrslur eru vistaðar í eftirlitskerfi stofnunarinnar og sendast sjálfkrafa í stafrænt pósthólf eftirlitsþega á island.is að frágangi loknum.
- Eftirlit skal vera áhættumiðað: tíðni og umfang ræðst af áhættu, fyrri frammistöðu rekstraraðila og áreiðanleika eigin eftirlits, sbr. reglugerð (ESB) 2017/625. Eftirlit getur byggst á sannpröfun gagna og úrtaki fremur en samfelldri viðveru, að því marki sem áhætta og gögn leyfa.
- Frávik, ákvarðanir og eftirfylgni skulu skjalfest með samræmdum hætti og rekjanleg.

Tengd skjöl

- GAT-055 – Daglegt eftirlit með hvalverkun (gátlisti).
- VLY-103 – Eftirlit með verkun hvala (vinnulýsing).
- GAT-069 / LBE-228 – Eftirlit með **velferð** dýra við hvalveiðar (til samanburðar á skutlum og veiðigögnum).

Athugasemd [GK1]: Sér kaflar í GAT-066 en ég felli þetta undir frávikaskráningar í kerfinu.